

## FUNDARGERÐ

Árið 2019, föstudaginn 20. desember kl. 12:15, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Daníel Jakobsson (á símafundi) og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkeli Hjörleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen sem ritaði fundargerð.

Margrét Þórarinsdóttir boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn undir lið 2: Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Ingveldur Sæmundsdóttir, aðstoðarmaður samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Sigtryggur Magnason aðstoðarmaður samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Þórmundur Jónatansson, upplýsingafulltrúi í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð frá 29. nóvember 2019

Lögð var fram fundargerð frá 29. nóvember 2019 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerð frá 29. nóvember 2019 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.*

### 2. Vefgátt Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, opnaði formlega nýjan hluta vefgáttar Jöfnunarsjóðs, js.data.is. Undir „Forsendur framlaga“ má nú rýna þær forsendur sem notaðar eru við útreikning framlaga og öðlast þannig dýpri skilning á framlögum Jöfnunarsjóðs.

### 3. Greiðslu- og rekstraráætlun 2019

#### Áætlun 4

Lögð var fram til kynningar uppfærð drög af greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2019 á grundvelli upplýsinga um áætlaðar tekjur ríkis og sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 787 ma.kr. og að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2018 verði 1.547 ma.kr.

*Nefndin gerði ekki athugasemdir við áætlunina.*

### 4. Sameining sveitarfélaga - Austurland

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn frá Undirbúningsstjórn, dags. 17. desember 2019, um framlög vegna kostnaðar við undirbúning og innleiðingu sameiningar sveitarfélaga á Austurlandi.

Undirbúningsstjórn skorar á Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs að endurskoða ákvörðun sína um að hafna framlagi til annars áfanga sameiningar sveitarfélaga á Austurlandi. Á Austurlandi er unnið að útfærslu nýrra hugmynda um stjórnskipulag og lýðræðislega þátttöku sem krefst vinnu og útfærslu.

Undirbúningsstjórn telur afar mikilvægt að Jöfnunarsjóður geri ráð fyrir framlögum til að greiða eðlilegan kostnað við undirbúning og framkvæmd sameiningar. Tilgreind eru ýmis verkefni sem framundan eru í umsókn Undirbúningsstjórnar ásamt kostnaðaráætlun upp á 24,9 m.kr.

*Eftir umræðu nefndarinnar var ákveðið að standa við fyrri ákvörðun nefndarinnar um að synja umsókninni. Verkefni sem tilgreind eru í umsókninni og snúa að undirbúningi og framkvæmd sameiningarinnar falla undir fasta framlagið í nýju reglunum (þar afnæmi framlag vegna kostnaðar við framkvæmd sameiningar og til að stuðla að endurskipulagningu stjórnarsýslu 400 m.kr.). Svo framarlega sem reglurnar taki gildi er litið svo á að fasta framlagið greiði fyrir þann kostnað.*

#### **5. Frumvarp til laga um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga – staða mála**

Lagt var fram til kynningar nefndarálit minnihluta og meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum (forsendur úthlutana úr Jöfnunarsjóði).

#### **6. Framlag vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti 2020**

##### **Tillaga að áætlaðri úthlutun (endurskoðuð áætlun vegna breytinga á lögum)**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 18. desember 2019, varðandi áætlað fasteignaskattsframlag 2020. Alþingi samþykkti þann 17. desember sl. frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum og taka lögin þegar gildi. Með gildistöku laganna er komin skýr heimild löggjafans til að fella niður framlög úr sjóðnum hjá þeim sveitarfélögum þar sem reiknaðar hámarkstekjur eru 50% umfram meðaltekjur annara sveitarfélaga í sama viðmiðunarflokki.

Nefndin samþykkti á fundi sínum 29. nóvember 2019 tillögu að áætlun um úthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna á árinu 2020. Í samræmi við nýsamþykkt lög ber að fella niður framlög hjá tekjuháum sveitarfélögum sem eru Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Fljótisdalshreppur, Ásahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur á árinu 2020. Þarf því að enduráætla fasteignaskattsframlag 2020 með tilliti til þess.

*Nefndin samþykkti tillögu til ráðherra að enduráætlun um úthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna á árinu 2020 að fjárhæð 4.956.376.846 kr.*

#### **7. Endanleg tekjujöfnunarframlög 2019**

##### **Tillaga að úthlutun framlaga og uppgjör**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endurskoðuðum útreikningi og úthlutun framlaganna á grundvelli leiðréttrar skrár um skatttekjur sveitarfélaga.

Á fundi ráðgjafarnefndar 2. október sl. var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2019, sbr. 13. gr. reglugerðar, nr. 1088/2018. Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins til greiðslu framlaganna er lagt til að framlög til sveitarfélaga verði hækkuð upp í 95,29% af meðaltekjum í viðkomandi viðmiðunarflokki. Til úthlutunar kom framlag að fjárhæð 1.250,0 m.kr. og komu  $\frac{3}{4}$  hlutar framlagsins til greiðslu í október eða samtals 937,5 m.kr.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti tillögu til ráðherra um úthlutun endanlegra tekjujöfnunarframlaga 2019. Eftirstöðvar framlagsins að fjárhæð 312,5 m.kr. koma til greiðslu fyrir áramótin.*

## 8. Endanleg útgjaldajöfnunarframlög 2019

### Viðbótarframlög vegna skólaaksturs 2019

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 19. desember 2019, ásamt yfirliti yfir framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B-hluta 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018.

Í yfirlitinu kemur fram að áætluð heildarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli nema samtals 750 m.kr. á árinu 2019. Til úthlutunar koma samtals 575 m.kr. á árinu sem koma til greiðslu mánaðarlega með jöfnum greiðslum. Áætlað var að 175 m.kr. kæmu til úthlutunar á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum sbr. b-lið 3. gr. vinnureglna frá 8. desember 2010, sem endurskoðaðar voru 11. desember 2012, vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2019 umfram framlög úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi.

Yfirlitið sýnir umsóknir sveitarfélaga um viðbótarframlag vegna skólaaksturs úr dreifbýli á árinu 2019 og eru helstu forsendur við útreikning framlaganna eftirfarandi:

- Kostnaður við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2019 umfram framlög úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi.
- Skerðing framlaganna tekur mið af hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi sbr. forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2019.
- Með breytingu á vinnureglum um úthlutun framlaga vegna skólaaksturs er Akureyrarkaupstað nú heimilt að sækja um framlag vegna skólagöngu nemenda úr Grímsey er stunda nám í efri bekkjum grunnskólans á Akureyri, sbr. heimildarákvæði við b-lið 3. gr. vinnureglnanna frá 11. desember 2012.

Umsóknir um viðbótarframlag eftir tekjuskerðingu eru að fjárhæð 309.145.737 kr. sem eru aðlagðar að fjármagni til ráðstöfunar. Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir nemur áætlað viðbótarframlag vegna íþyngjandi kostnaðar sveitarfélaga við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2019 umfram tekjur úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi samtals 175 m.kr. Heildarframlög vegna skólaaksturs 2019 nema því 750 m.kr.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti tillögu til ráðherra að áætluðu viðbótarframlagi vegna skólaaksturs úr dreifbýli að fjárhæð 175 m.kr. Einnig var sammælt um að skoða þyrfti að fá áritun frá löggildum endurskoðanda fyrir upplýsingaöflun á næsta ári.*

### Endanleg framlög

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endurskoðuðum útreikningi og uppgjör útgjaldajöfnunarframlaga fyrir árið 2019. Framlagið miðar við 9.636 m.kr. í A-hluta, 764,0 m.kr. í B-hluta og nýjum útsvarstofni. Meðfylgjandi var yfirlit með tillögu að uppgjöri á grundvelli viðmiða í A- og B-hluta framlaganna að fjárhæð samtals 10.400 m.kr. Í nýrri áætlun er miðað við hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi miðað við forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2019 vegna tekjuskerðingar.

Helstu forsendur við áætlun framlaganna eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2019.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2019.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2019.

- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs skólaárið 2018-2019.
- Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1. janúar 2016, 2017, 2018 og 2019 vegna íbúafækkunar- og íbúafjölgunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2019 vegna tekjuskerðingar.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti tillögu til ráðherra um úthlutun útgjaldajöfnunarframlags. Með tilvísun til þessa nema endanleg útgjaldajöfnunarframlög 10.400,0 m.kr., 9.636,0 m.kr. á grundvelli A-hluta og 764,0 m.kr. á grundvelli B-hluta.*

## YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

### 9. Almenn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla 2020

#### **Tillaga að áætlaðir úthlutun (endurskoðuð áætlun vegna breytinga á lögum)**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 18. desember 2019, varðandi áætluð almenn jöfnunarframlög grunnskóla 2020. Alþingi samþykkti þann 17. desember sl. frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum og taka löggin þegar gildi. Með gildistöku laganna er komin skýr heimild löggjafans til að fella niður framlög úr sjóðnum hjá þeim sveitarfélögum þar sem reiknaðar hámarkstekjur eru 50% umfram meðaltekjur annara sveitarfélaga í sama viðmiðunarflokki.

Nefndin samþykkti á fundi sínum 23. október 2019 tillögu að áætlun um heildarúthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2020. Í samræmi við nýsamþykkt lög ber að fella niður framlög hjá tekjuháum sveitarfélögum sem eru Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Fljótisdalshreppur, Ásahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur á árinu 2020. Þarf því að enduráætla framlagið vegna ársins 2020 með tilliti til þess.

*Nefndin samþykkti tillögu til ráðherra að enduráætlun almennra framlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2020 að fjárhæð 9.660.000.000 kr.*

### 10. Barnaverndarstofa

#### **Framlag vegna barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns, dags. 16. desember 2019, varðandi erindi frá Barnaverndarstofu, dags. 5. desember 2019, þar sem óskað er eftir greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli 7. gr. rgl. nr. 351/2002 vegna vorannar 2019. Greiðir sjóðurinn Barnaverndarstofu framlag vegna almennra kennslu og sérkennslu þeirra barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags af Barnaverndarstofu og stunda þar grunnskólanám. Jöfnunarsjóður dregur fjárhæð er nemur kennslukostnaði vegna nemenda skv. 1. mgr. frá jöfnunarframlögum viðkomandi lögheimilissveitarfélags. Óskar Barnaverndarstofa eftir greiðslu samtals að fjárhæð 1.668.745 kr.

*Nefndin samþykkti að beiðni Barnaverndarstofu um greiðslu að fjárhæð 1.668.745 kr. væri tekin til greina.*

### 11. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna 2019

#### **Tillaga að endanlegri áætlun 2019**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns, dags. 17. desember 2019, varðandi tillögu að endanlegri úthlutun vegna sérþarfa fatlaðra nemenda árið 2019. Sótt var um framlag vegna 1.130 nemenda fyrir árið 2019.

- Af þeim hafa 654 verið metnir SIS mati og falla 603 nemendur í 4. flokk og ofar og reiknast því með framlög.
- Af þeim eru 138 á grunni eldri vinnureglna sjóðsins.

Í heild er því lagt til að greitt verði með 741 nemanda árið 2019. Áætluð fjárhæð framlaga er 2,6 ma.kr. og hækkar um 137 m.kr. frá fyrri áætlun.

*Nefndin samþykkti tillögu til ráðherra að endanlegri úthlutun vegna sérþarfa fatlaðra nemenda að fjárhæð 2.602.136.147 kr.*

## 12. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna 2020

### **Tillaga að áætlaðri úthlutun (endurskoðuð áætlun vegna breytinga á lögum)**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns, dags. 17. desember 2019, varðandi áætluð framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda árið 2020. Með breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, er tiltekið að ekki skuli úthluta jöfnunarframlagi til þeirra sveitarfélaga þar sem samanlagðar heildarskatttekjur af útsvari og fasteignaskatti á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna eru 50% umfram meðaltekjur annarra sveitarfélaga í sama viðmiðunarflokki. Sökum þessa, og framlagningu endanlegrar áætlunar 2019, er lögð fram ný áætlun um framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda árið 2020.

*Nefndin samþykkti tillögu til ráðherra að breytingum á áætluðum framlögum vegna sérþarfa fatlaðra nemenda 2020 að fjárhæð 2.690.152.460 kr.*

## 13. Framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál 2020

### **Tillaga að áætlaðri úthlutun (endurskoðuð áætlun vegna breytinga á lögum)**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns, dags. 17. desember 2019, varðandi áætluð framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál árið 2020. Í kjölfar breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, þar sem tiltekið er að ekki skuli úthluta jöfnunarframlagi til þeirra sveitarfélaga þar sem samanlagðar heildarskatttekjur af útsvari og fasteignaskatti á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna eru 50% umfram meðaltekjur annarra sveitarfélaga í sama viðmiðunarflokki er lögð fram ný áætlun um framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál 2020.

*Nefndin samþykkti tillögu til ráðherra að breytingum á áætluðum framlögum vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál árið 2020 að fjárhæð 452.550.000 kr.*

## **YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS**

## 14. Notendastýrð persónuleg aðstoð

### **Tillaga að úthlutun ársins 2019 vegna langtímaveikinda**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns, dags. 17. desember 2019, varðandi NPA framlög 2019 vegna langtímaveikinda. Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega

aðstoð greiðir Jöfnunarsjóður á grundvelli umsókna framlög til að standa straum af viðbótarútgjöldum vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks.

Þann 4. desember sl. var þjónustusvæðum sent bréf og óskað eftir umsóknum. Umsóknir hafa borist frá þremur þjónustusvæðum vegna 5 starfsmanna. Alls er sótt um framlög að fjárhæð 5,8 m.kr., en 1% af heildarsamningsfjárhæð NPA samninga vegna ársins 2019 og þar með þak framlaga eru 17,3 m.kr.

*Nefndin samþykkti tillögu að úthlutun NPA framlaga vegna langtímaveikinda að fjárhæð 5.817.004 kr.*

#### 15. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

##### **Sveitarfélagið Árborg – breytingar á húsnæði vegna lengdrar viðveru**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 17. desember 2019, ásamt aðsendu erindi frá sveitarfélaginu Árborg, dags. 28. nóvember 2019, ásamt kostnaðaráætlun. Sótt er um framlag vegna nauðsynlegra breytinga á húsnæði ætlað fyrir lengda viðveru fatlaðra framhaldsskólanema. Í dag er starfsemin í bráðabirgða húsnæði en stefnt er að því að hefja framkvæmdir vegna breytinga í byrjun næsta árs og er vonast til að þeim verði lokið fyrir haustið 2020. Áætlaður kostnaður vegna breytinga eru 20,7 m.kr.

*Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin 25% kostnaðarþátttöku sjóðsins og veita framlag allt að fjárhæð 5.172.400 kr.*

##### **Bergrisinn – vegna kaupa á fasteign fyrir búsetu fyrir börn**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 17. desember 2019, ásamt aðsendu erindi frá Bergrisanum bs. ásamt afriti af kaupsamningi fasteignar. Sótt er um framlag vegna kaupa á húsnæði sem Bergrisinn hefur fest kaup á til fyrirhugaðrar búsetu fyrir tvö börn á þjónustusvæði sínu. Þjónustuúrræðið er fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir sem þurfa einstaklingsmiðaða sólarhringsþjónustu að teknu tilliti til sérþarfa fötlunar. Annað barnið hafði áður notið þjónustu Vinakots í tæpt ár. Kaupverð fasteignarinnar er 48 m.kr.

*Að lokinni umræðu ákvað nefndin að taka erindið ekki til efnislegrar meðferðar fyrir en það hafi verið sent til Íbúðalánasjóðs og fengin niðurstaða þaðan hvort erindið falli undir a. lið 2. gr. reglugerðar nr. 460/2018 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.*

#### 16. Umsókn vegna gæðaeftirlits - Reykjavíkurborg

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, dags. 29. nóvember 2019, varðandi umsókn um styrk úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir vinnu við úttektir á árinu 2020.

- **Umsókn um styrk fyrir vinnu vegna eftirfylgni kröfulýsingar á íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk:** gerð áhættumats skv. fyrirmælum í kröfulýsingu fyrir íbúðakjörnum fatlaðs fólks. Ný nálgun við gerð áhættumats. Áhættumat verður gert á 5 íbúðakjörnum. Áætluð verklok desember 2020. Áætlaður kostnaður samtals kr. 4.000.000 án vsk.

- **Umsókn um styrk vegna úttektar á atviki í íbúðakjarna fyrir geðfatlaða:** úttekt vegna atviks sem átti sér stað í íbúðakjarna fyrir geðfatlaða í Bríetartúni. Kostnaður samtals kr. 1.080.000 án vsk.

Áætlaður kostnaður samtals vegna úttekta og eftirlits með þjónustu í úrræðum velferðarsviðs fyrir fatlað fólk árið 2020, kr. 5.080.000 án vsk.

*Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin 5.080.000 kr. framlag til Reykjavíkurborgar vegna verkefnanna á árinu 2020. Framlagið kemur til greiðslu þegar vinnan hefur verið innt af hendi og stutt greinargerð þar um hefur verið send sjóðnum.*

### 17. Umsókn vegna þjónustulíkans - Reykjavíkurborg

Lagt var fram aðsent erindi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, dags. 9. desember 2019, varðandi umsókn um framlag vegna þjónustulíkans. „Virkur stuðningur“ er einstaklingsmiðað þjónustulíkan sem hannað var og þróað til stuðnings fötludum einstaklingum í sértækri búsetu. Með virkum stuðningi er markmiðið að auka lífsgæði fatlaðra einstaklinga með því að veita viðeigandi stuðning sem styður við virka þátttöku í daglegu lífi. Þjónustulíkanið felur í sér vinnuaðferðir til að skipuleggja virkni og stuðning, leiðir við starfsmannþjálfun og aðferðir sem miða að því að styðja við einstaklingsþroska mikið fatlaðs fólks með aukinni færni og markmiðasetningu. Hugmyndafræðin er sú að allir séu studdir við þátttöku óháð stuðningsþörf.

Sótt er um styrk að fjárhæð 14 m.kr. til að unnt verði að fylgja eftir innleiðingu virks stuðnings og til þjálfunar starfsfólks í aðferðum virks stuðnings með það að markmiði að samhæfa vinnubrögð og auka samfélagslega þátttöku fatlaðs fólks.

*Að lokinni umræðu ákvað nefndin að fresta afgreiðslu erindisins og óska eftir frekari upplýsingum um verkefnið ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun.*

### 18. Umsókn vegna rekstrarúttektar

#### Reykjavíkurborg

Lagt var fram aðsent erindi frá Reykjavíkurborg, dags. 18. desember 2019, varðandi umsókn um styrk úr Jöfnunarsjóði. Reykjavíkurborg hefur glímt við vaxandi mismun á kostnaði við rekstur þjónustu við fatlað fólk og þeirra framlaga sem koma í hlut borgarinnar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og tekjuaukans af 0,25% af útsvarstofni. Heildarútgjöld þeirra verkefna sem eru hjá velferðarsviði námu á árinu 2018 um 9,5 milljörðum og eru langt umfram framlög Jöfnunarsjóðs og tekjuaukann af 0,25% af útsvarstofni. Frá yfirfærslu hefur mismunurinn verið um 9 milljarðar króna og aukist ár frá ári. Í 9 mánaða milliuppgjöri 2019 stefnir mismunurinn í að vera um 3,4 milljarðar. Reykjavíkurborg telur brýnt að fá ytri fagaðila til að rýna sundurliðuð útgjöld til að leita skýringa á mismun á tekjum og útgjöldum á undanförunum árum og á yfirstandandi ári.

*Eftir umfjöllun um erindið ákvað nefndin að veita sveitarfélaginu framlag sem numið gæti allt að 10 m.kr. vegna úttektarinnar. Þá er þess farið á leit við Reykjavíkurborg að Jöfnunarsjóði verði sendar niðurstöður úttektarinnar.*

### **Sveitarfélagið Skagafjörður**

Lagt var fram aðsent erindi frá Sveitarfélaginu Skagafirði, dags. 19. desember 2019, þar sem sótt er um styrk úr Jöfnunarsjóði fyrir úttekt á rekstri þjónustu við fatlað fólk. Halli rekstrarársins 2018 var tæpar 70 m.kr. og halli þessa árs stefnir í 90-100 m.kr. Í úttektinni yrði leitast eftir að greina hvernig nýta mætti fjármagn betur til þjónustunnar og jafnframt skoða hvort vanfjármögnun sé til staðar með tilliti til þjónustuþyngdar. Gera má ráð fyrir að slík úttekt geti kostað allt að 5 m.kr.

*Að lokinni umræðu nefndarinnar um erindið var samþykkt að veita sveitarfélaginu framlag allt að 5 m.kr. vegna framangreindrar úttektar. Þá er þess farið á leit við sveitarfélagið að Jöfnunarsjóði verði sendar niðurstöður úttektarinnar.*

## **19. Viðbótarframlög**

### **Rekstrarniðurstaða í málaflokki fatlaðs fólks 2018**

#### **Tillaga að úthlutun ársins 2019**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 18. desember 2019, varðandi sérstök viðbótarframlög 2019, ásamt tillögu að úthlutun ársins 2019. Undanfarin ár hefur verið stuðst við rekstraruppgjör sveitarfélaga/þjónustusvæða við útreikning viðbótarframlaga vegna málaflokks fatlaðs fólks. Með því hefur verið komið til móts við hallarekstur á þjónustusvæðum sem hefur verið nokkuð viðvarandi meðal flestra svæða frá því að yfirfærslan átti sér stað árið 2011. Í greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins 2019 er gert ráð fyrir að viðbótarframlög á árinu geti numið allt að 400 m.kr.

Þar sem nokkurrar óvissu gætir um þau rekstrargögn sem Jöfnunarsjóður hefur fengið send frá þjónustusvæðum er það tillaga starfsmanna Jöfnunarsjóðs að fyrir árið 2019 verði viðbótarframlag reiknað með þeim hætti að stuðst verði við almennt skiptihlutfall svæða við úthlutun viðbótarframlags en ekki umfang hallareksturs. Þó þannig að aðeins þau svæði sem hafa skilað inn gögnum og reiknast í halla fá úthlutað, og úthlutunin geti aldrei fleytt svæðum í jákvæða rekstrarniðurstöðu.

*Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin að styðjast við almennt skiptihlutfall svæða við úthlutun viðbótarframlags í málefnum fatlaðs fólks frekar en umfang hallareksturs. Á grundvelli þessarar aðferðafræði samþykkti nefndin tillögu til ráðherra um úthlutun viðbótarframlags vegna ársins 2019 að fjárhæð 400.000.000 kr.*

## **20. Önnur mál**

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn 31. janúar kl. 12:15 og þarnaesti fundur verði haldinn 21. febrúar kl. 12:15.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 14:15.



---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Daníel Jakobsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Stefán Vagn Stefánsson